

## Aðgerðabundin jafnréttisáætlun

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér **aðgerðabundnar** jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. jafnréttislaga.

### Launajafnrétti 19. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<b>Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.</b>	<p>Launalistar, yfirvinnugreiðslur og viðbótarlaun vegna ákveðinna verkefna skal skoða reglulega með tilliti til kyns starfsmanna.</p> <p>Bregðast skal við og leita leiða til leiðréttinga ef mismunur kemur í ljós.</p>	<p>Skólastjóri/skrifstofustjóri og launafulltrúi.</p> <p>Skólastjóri.</p>	<p>Í byrjun haust- og vorannar ár hvert og þegar þess gerist þörf.</p> <p>Þegar misræmi kemur í ljós.</p>

## Jafnréttisstofa – Kynjagleraugu fyrir kennara

### Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 20. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<b>Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.</b>	Störf innan skólans eru auglýst án tillits til kynferðis. Við ráðningu skulu jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi. Undantekning er ef um starf við baðvörslu er að ræða.	Skólastjórnendur.	Þegar við á.
<b>Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.</b>	Bæði kyn eru hvött til að sækja um öll störf. Ef um jafnhæfa einstaklinga er að ræða skal ráða það kyn sem hallar á í starfsmannahópnum.	Skólastjórnendur.	Þegar við á.
<b>Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.</b>	Allir starfsmenn eru hvattir til að sækja sér endurmenntun sem tengist áhugasviði og nýtist í starfi. Gott upplýsingaflæði um námstilboð sem berast til skólans. Kynna endurmenntunartilboð fyrir starfsfólki af erlendum uppruna og ófaglærðu starfsfólki.	Skólastjórnendur trúnaðarmenn.	og Í ágúst og janúar og þegar við á.
<b>Efla kynjafræðipækkingu starfsfólks.</b>	Fá fræðslu frá Jafnréttisskóla Reykjavíkur.	Skólastjórnendur.	Vorönn 2015.

## Jafnréttisstofa – Kynjagleraugu fyrir kennara

--	--	--	--

### Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs 21. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p><b>Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.</b></p>	<p>Sveigjanleika í starfi skal gætt eins og kostur er. Allir starfsmenn skulu eiga þess kost að minnka við sig vinnu tímabundið eða fara í hlutastarf ef fjölskylduáðstæður krefjast þess.</p> <p>Vinnurammi sveigjanlegur eins og kostur er og unninn í samráði við starfsmenn.</p>	<p>Skólastjórnendur.</p>	<p>Að hausti. Á öðrum tíma ef aðstæður kalla á það.</p>

## Jafnréttisstofa – Kynjagleraugu fyrir kennara

### Kynbundin og kynferðisleg áreitni 22. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<b>Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.</b>	Starfsfólk fái fræðslu um hvað felst í kynbundinni eða kynferðislegri áreitni og viti hvert á að leita komi slíkt upp. Starfsmönnum skal bent á leiðbeiningar sem eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar.	Skólastjórnendur.	Árlega.
	<p>Kynningarefni- og leiðbeiningar um „Kynferðislega áreitni á vinnustöðum, forvarnir og viðbrögð“ aðgengilegur á vinnustað.</p> <p>Rýnt í niðurstöður vinnustaðagreiningar SFS og brugðist við á faglegan hátt ef ástæða er til.</p>	Skólastjórnendur.	Alltaf.
<b>Koma í veg fyrir einelti á vinnustað.</b>	<p>Nota verkferla um viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir á vinnustöðum Reykjavíkurborgar</p> <p><a href="http://innri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-23/52_view-49/">http://innri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-23/52_view-49/</a></p>	Skólastjórnendur og trúnaðarmenn.	Þegar þær berast.
			Alltaf þegar við á.

**Aðgerðabundin jafnréttisáætlun**

Skólum ber auk þess að uppfylla 23. gr. jafnréttislega (menntun og skólastarf) og 22. gr. sömu laga (kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni).

**23. gr. jafnréttis laga / menntun og skólastarf:**

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<p><b>Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál.</b></p> <p><b>Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.</b></p>	<p>Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar í nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir hvernig hugtakið fléttast inn í kennslu allra námsgreina.</p> <p>Mannréttindastefna Melaskóla kynnt fyrir nemendum.</p>	<p>umsjónakennarar/ skólastjórnendur.</p> <p>Umsjónarkennarar.</p>	<p>Skólaárið 2014-2015.</p> <p>Árlega.</p>
	<p>Fjölbreyttir kennsluhættir og viðfangsefni sem höfðar jafnt til allra nemenda óháð kyni.</p> <p>Allir nemendur taki jafnan þátt í öllum þeim verkefnum sem unnin eru innan skólans óháð kyni.</p>	<p>Kennarar.</p>	<p>Allt skólaárið.</p>
	<p>Fræðsla um „hefðbundin“ karla- og kvennastörf.</p> <p>Nemendur fá fræðslu um staðalmyndir kynjanna og hvernig þær birtast í fjölmiðlum og á netinu.</p>	<p>Umsjónarkennarar.</p>	<p>Allt skólaárið.</p>

## Jafnréttisstofa – Kynjagleraugu fyrir kennara

### 23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<b>Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.</b>	Skoða með gagnrýnum huga þau námsgögn sem notuð eru í skólanum með tilliti til jafnréttissjónarmiða, mismununar kynja og staðalímynda.	Kennarar/skólastjórnendur.	Alltaf.
	Skipuleggja nánar með hvaða hætti er best að vinna að endurskoðun náms- og kennslugagna.	Kennarar/skólastjórnendur.	Vorönn 2015.

### 23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<b>Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fáir strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.</b>	Sjá til þess að hæfni einstaklinga óháð kyni sé höfð að leiðarljósi þegar rætt er um nám og störf fólks í samfélaginu.	Kennarar.	Alltaf.
	Jafnréttissjónarmiða skal gætt í umræðum um nám, starfsheiti og atvinnuþátttöku.	Allir starfsmenn.	Alltaf.

## Jafnréttisstofa – Kynjagleraugu fyrir kennara

### 23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<b>Jafnrétti skal haft að leiðarljósi við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu</b>	Fræðsla um jafnréttisstarf í skólum fyrir starfsfólk frá jafnréttisskóla Reykjavíkur.	Skólastjórnendur.	Vorönn 2015.

### 22. gr. jafnréttislaga / kynbundin og kynferðisleg áreitni:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<b>Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.</b>	<p>Nýta það námsefni og utanaðkomandi fræðslu sem í boði er um kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi eftir því sem við á með tilliti til aldurs og þroska nemenda.</p> <p>Fylgjast með orðræðu nemenda og stöðva allt óviðeigandi tal þar sem hallar á annað kynið. Nýta bekkjarfundi til þess.</p> <p>Endurskoða forvarnaráætlun Melaskóla gegn kynferðislegri misnotkun og ofbeldi.</p>	<p>Umsjónarkennarar.</p> <p>Allir starfsmenn.</p> <p>Samstarfshópur kennara/ skólastjórnendur.</p>	<p>Alltaf.</p> <p>Alltaf.</p> <p>Skólaárið 2014-2015.</p>

## Jafnréttisstofa – Kynjagleraugu fyrir kennara

### Samstarf heimilis og skóla:

<b>Markmið</b> (Hvað?)	<b>Aðgerð</b> (Hvernig?)	<b>Ábyrgð</b> (Hver?)	<b>Tímarammi</b> (Hvenær?)
<b>Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.</b>	Mikilvægt er að allar upplýsingar um atburði innan skólans og þátttöku í viðburðum og samtölum berist báðum foreldrum nemenda.  Uppfæra póstlista foreldra í Mentor	Kennarar/skólastjórnendur.  Skrifstofustjóri.	Alltaf.  Árlega að hausti.

### Annað:

<b>Markmið</b> (Hvað?)	<b>Aðgerð</b> (Hvernig?)	<b>Ábyrgð</b> (Hver?)	<b>Tímarammi</b> (Hvenær?)
<b>Jöfn tækifæri til leikja á skólalóð óháð kyni.</b>	Skoða leiksvæðin á skólalóðinni og kynjaskiptingu barna í leik. Hlusta eftir hugmyndum nemenda á bekkjafundum og leita lausna í samræmi við þær.	Kennarar/nemendaráð.	Vor 2015.